

Verða að svara um málefni geðsjúkra fanga

Formaður Geðhjálpur segir að Fangelsismálastofnun og Landspítalinn hafi lengi verið að varpa málefnum geðsjúkra fanga á milli sín. Ráðuneytin verði að svara því hvernig leysa eigi þeirra mál.

Umboðsmaður Alþingis gerði alvarlegar athugasemdir við geðheilbrigðisþjónustu á Litla Hrauni í drögum að skýrslu um fangelsið sem kynnt var fyrir helgi. Hann telur brýnt að gerðar verði ráðstafanir svo geðsjúkir fangar njóti umönnunar sem þeir eigi rétt á. Hann heimsótti fangelsið í byrjun maí og skrifaði skýrsluna í framhaldi af því. Þar bendir hann á að ef geðsjúkur maður sem talinn er sakhæfur er vistaður í fangelsi hér á landi en fær ekki viðeigandi lækniþjónustu kunni það að ganga nærri því að teljast brot á ákvæðum stjórnarskrárinnar og Mannréttindasáttmála Evrópu.

Margrét Frímansdóttir, forstöðumaður Fangelsisins, sagði að fangelsismálayfirvöld hafi lengi bent á þessa brotalöm. Staða geðlæknis á Litla Hrauni sé auglýst reglulega en enginn hafi sótt um. Málefni fanga heyrir undir innanríkisráðuneytið en málefni geðsjúkra undir heilbrigðisráðuneytið. Geðhjálp fundaði með Fangelsismálastofnun og Landspítalanum um málið fyrir tveimur árum.

Hrannar Jónsson formaður Geðhjálpur. „Þá fórum við yfir þessi mál en það hefur bara ekkert gerst síðan og í rauninni hafa Fangelsismálastofnun og Landspítalinn verið að varpa þessu á milli sín og það þarf auðvitað að koma til eitthvað svar frá ráðuneytinum,“ segir hann.

Brýnt sé að gera eitthvað í þessu því málið sé mjög alvarlegt. „Bara sjálfsvíg í fangelsum á Íslandi, það eru sjö sjálfsvíg á 20 árum eitthvað svoleiðis sem þýðir það að er svona u.þ.b. 10 sinnum meiri líkur á að þessi hópur fremji sjálfsvíg heldur en venjulegur Íslendingur. Það er mikil þörf á að gera eitthvað í þessum málum.“